

1869.

31. marz.

Þær beðnir — fyrst að nú má ganga að því vísu, að útgjörðarmaður skipa þeirra, sem hafa framið hið um rædda lagabrot, sé ófáanlegur til að fullnægja kröfum dómsmálastjórnarinnar í þessu efni af sjálfsdáðum, þó að þær, þegar athugað er, að tilskipun 13. júnímán. 1787 1. kap. 2. gr. smbr. opið bréf 18. ágústmán. 1786 eru enn í gildi, megi álítast mjög svo vægar —, ef að náð yrði í skip þessi, að gjöra þær ráðstafanir, sem með þarf, til þess að því verði til leiðar komið, að bæði lestagjöldin af skipunum og eins sektir þær, sem að ofan er getið um, verði goldnar.

31. marz.

28. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austur-umdæminu, um framfærsluhrepp sveitarómaga.

Í bréfi dagsettu 13. nóvembermán. f. á., er hingað hefir borizt beina leið, hefir bæjarstjórnin í kaupstaðnum Akureyri skotið til dómsmálastjórnarinnar úrskurði, sem þær, herra amtmáður, hafið kveðið upp 23. marzmán. s. á., um að Jón Tómasson snikkari skuli með hyski sínu eiga framfærslurétt í kaupstaðnum Akureyri.

Útaf þessu skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar, og til þess að þær kunngjörð það, að úrskurður sá, sem þær hafið lagt á málið, skal standa óraskaður.¹

¹) Úrskurður amtmannsins er svo látandi:

Í bréfi frá 23. desember f. á. hefir bæjarfógeti S. Thórarensen, líklega með ráði bæjarfulltrúa, skotið því til amtsins úrlausnar, hvort snikkari Jón Tómasson ætti að álítast sveitlægur á Akureyri eða í Helgastaðahrepp.

Eg hefi síðan leitað upplýsinga um verustaði Jóns og fengið meðal annars skýrslu, sem hann hefir gefið undir eiðs tilboð, bæði

29. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir
norður- og austurumdæminu, um framfærsluhrepp
sveitarómaga.

1869.
31. marz.

Með bréfi dagsettu 30. septembermán. f. á. hafið þér, herra
amtmaður, sent hingað skjal nokkurt frá Magnúsi hreppstjóra

um verustaði sína og efnahag yfir höfuð, því bréf bæjarfógetans
fór svo laust og óglöggt yfir mörg aðalatriði málsins, og hermdi
þar að auki svo skakkt frá sumu, að ekki var hægt að byggja á
því nokkurn úrskurð.

Það má nú í þessu máli álíta sýnt og sannað, að Jón snikk-
ari Tómasson settist að á Akureyri 29. maímán. 1851 og var
þar upp frá því stöðugt í 10 ár; veturinn 1860—61 fótbrotnaði
Jón og lá lengi veikur, var honum þá lánað af fátækrafé hins
fyrra Hrafnagilshrepps 31 rd. 16 sk., en hann þverneitar, að hann
sjálfur hafi beðið um styrk þenna, og segir, að læknir Finsen
muni hafa útvegað sér hann, en hann kveðst hafa þegið styrkinn,
þegar hreppstjóri hafi boðið sér hann fram, með því skil-
yrði, að styrkurinn væri ekki innfærður í sveitarreikn-
inginn fyrir fardaga 1861, en hétu privat lán frá Ólafi
hreppstjóra, er hann ætlaði sér að skila aptur, og er ekki
hægt að fá vissu fyrir því, hvort lánið var veitt í marz, apríl eða
maí mánuði 1861. En fremur er það upplýst, að Jón á þeim
tíma, er lánið var veitt, átti íveruhús, kú og nauðsynleg smíðatól,
sem voru frá 40—50 rd. virði.

Það, sem nú ræður úrslitum þessa máls, er það atriði, hvort
lán það, sem Jóni var boðið og hann þáði, er réttnefndur og
réttveittur sveitarstyrkur, því ella getur lánið ekki tálmað því, að
Jón áynni sér sveit með veru sinni á Akureyri í hinum fyrri Hrafn-
agilshrepp. Í þessu atriði kemur þá til ihugunar grundvallarregla
sú, sem tekin er fram í 9. grein reglugjörðar 8. janúar 1834 smbr.
4. og 6. grein, og virðist þá lán þetta hafa verið veitt alveg
gegn reglum þeim, sem settar eru um að veita öðrum fá-
tækra styrk, þaræð hvorki er leitast eftir eður grennslast um, hvort
vinir Jóns eður vandamenn vildi eður gæti styrkt hann, engin
rannsókn um ástand hans er gjörð af sveitarstjórninni, heldur er
lánið veitt eins og úti bláinn gagnstætt lögum, sjá 9. grein í reglu-
gjörð 8. jan. 1834; hér við bætist nú, að ekki sézt, að lánsins
hafi verið opinherlega krafist af fæðingarsveit Jóns, Helgastaðahrepp,

1869.
31. marz.

Jónssyni á Ytraálandi, þar sem úrskurði yðar 24. marzmán. s. á., er ákveður, að stúlkan Ingibjörg Bjarnadóttir skuli frá 16. aldursári sínu álitin sveitlæg á Svalbarðshrepp í Þingeyjarsýslu, er skotið til dómsmálastjórnarinnar.

Útaf þessu skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og til þess að þér kunngjörði það, að úrskurður sá, sem þér hafið lagt á málið, skal standa óraskaður.¹

sem einmitt þó átti að vera, ef hlutaðeigendur vildu fá það endurgoldið, þar sem það var veitt af fátækrafs.

Með því nú Jón snikkari Tómasson hefir dvalið samfleytt 10 ár á Akureyri, eður frá 29. maí 1851 til sama tíma 1861, og ekki á þessu tímabili þegið neinn löglega veittan sveitarstyrk, sem tálmað geti honum frá að vinna sér framfærissrétt. úrskurðast hann með hyski sínu, samkvæmt reglugjörð 8. janúar 1834 6. grein og með hliðsjón af dómsmálastjórnarbréfum frá 2. sept. 1858 og 17. sept. 1867 sveitlægur í Akureyrar kaupstað, smbr. samning um fjáraðskilnað frá 17. apríl 1863 milli Hrafnagilshrepps og Akureyrar kaupstaðar.

1) Úrskurður amtmannsins er svo látandi:

Í bréfi frá 28. janúar þ. á. hefir hreppstjórinn í Presthólahrepp áfrýjað úrskurði kanselliráðs Th. Johnsens frá 24. okt. 1865, sem ákveður, að stúlkan Ingibjörg Bjarnadóttir skuli vera sveitlæg í Presthólahrepp, jafnvel þó móðir hennar, það ár, sem hún ól barnið, væri vistráðið hjú á Sjávarlandi í Svalbarðshrepp.

Það má nú í þessu máli álíta fullsannað, að móðir Ingibjargar, Arndýs, var lögráðið hjú Gísla bónda á Sjávarlandi í Svalbarðshrepp það ár, sem Ingibjörg fæddist, og að hreppstjórinn í Svalbarðshrepp, gagnstætt lögum, reif hana upp úr vistinni og flutti hana um haustið eða að hálfnuðu vistarárinu inn í Presthólahrepp.

Eins og það nú er lögbannað, sjá kansellibréf frá 19. ágúst 1820, að reka stúlkur, þótt þær annaðhvort komi í vistina óléttar, eða verði þar vansærar, úr vistinni, þannig bakar það hlutaðeiganda hreppstjóra ábyrgð og lögsókn, ef þeir eru ollandi, að slíkar persónur af þeim ástæðum missa umsamdrar vistar.

Með því nú Arndýs, móðir Ingibjargar Bjarnadóttur, var vistráðið hjú á Sjávarlandi, árið sama og hún ól Ingibjörgu, og alveg lögum gagnstætt var rifin upp úr vistinni og flutt á Presthólahrepp,

30. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins og
amtmananna á Íslandi, er nemur af forboð gegn
því að selja kvikasilfursáburð án fyrirsagnar frá
lækni.

1869.

31. marz.

Eptir að dómsmálastjórninni hafði gefizt tilefni til að skrifast á við hið konunglega heilbrigðisráð útaf broti gegn forboði því, sem umburðarbréf kansellisins 11. marzmán. 1820 hefir inni að halda gegn því að selja kvikasilfursáburð (*ungventum neapolitanum*) án fyrirsagnar frá lækni, hefir dómsmálastjórnin samkvæmt tillögum heilbrigðisráðsins álitð hentast að nema þetta forboð af eptirleiðis, að því er Ísland snertir, þegar áburðurinn er hafður til dýralækninga.

Um leið og yður er tilkynnt þetta sjálfum yður til leiðbeiningar, og til þess að þér kunngjörð það, eruð þér þó beðnir að leggja ríkt á við hlutaðeigandi lyfsölumenn, að vara bændurna við, er þeir láta kvikasilfursáburðinn af hendi, að hafa hann ekki til annars en dýralækninga.

31. Bréf dómsmálastjórnarinnar til Deildar hins ís-
lenzka bókmenntafélags í Kaupmannahöfn, um
styrk til at gefa út Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands.

10. apríl.

Samkvæmt bréfi dómsmálastjórnarinnar 23. aprílmán. 1864 skal það hér með kunngjört Deild hins íslenzka bókmenntafélags

svo fæðingarhreppur Ingibjargar er að lögum Svalbarðshreppur, úrskurðast, að Ingibjörg Bjarnadóttir, samkvæmt 7. grein í reglugjörð 8. jan. 1834 og kansellibréfi 19. ágúst 1820, frá því hún er 16 ára, skuli eiga sveit á Svalbarðshrepp, og bið eg yður, herra sýslumaður, að annast um, að Svalbarðshreppur skuli eptir réttum reikningi endurgjalda Presthólahrepp það, sem lagt hefir verið með Ingibjörgu, frá því hún var 16 ára að aldri.

Úrskurð þenna bið eg yður, herra sýslumaður, að birta hreppstjórunum í Presthóla og Svalbarðs hreppum.